

Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum

Almennar athugasemdir

Við undirrituð lýsum okkur andvíg því að landbúnaðarjörðinni Hróðnýjarstöðum verði breytt í iðnaðarsvæði og erum algjörlega mótfallin því ráðist verði í virkjunarframkvæmdir á svæðinu. Við teljum fáheyrt að reisa eigi raforkuver svo nærri íbúabyggð og teljum að þær framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í muni valda okkur og nágrönnum okkar verulegum óþægindum og mikilli skerðingu á lífsgæðum. Við tökum samt fram að við erum ekki á móti virkjun vindorku á Íslandi en teljum fráleitt að skortur á landrými sé orðinn það mikill að setja þurfi niður orkuver í miðri landbúnaðarbyggð.

Mikið er talað um að rannsaka eigi hvaða áhrif þessar framkvæmdir muni hafa á fugla, fiska og náttúru. Hins vegar er hvergi minnst á það að rannsaka þurfi hvaða áhrif þetta muni hafa á fólk. Umræddar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar haft neikvæð áhrif á fólk í nágrenninu, valdið óróa í samfélaginu og kostað okkur tíma og peninga. Við höfum þungar áhyggjur af framtíð svæðisins og fyrirhugaðar framkvæmdir valda okkur miklum áhyggjum og hræðslu. Við krefjumst þess að áhrif slíkra stórfamkvæmda á manneskjur verði rannsökuð líkt og rannsaka á áhrif á fuglalíf, fiska og gróður og fá það vægi sem tilhlýðilegt er.

Athugasemdir við einstaka kafla í skjalinu

Kafli 1.3 Staðarval

Fjarlægð frá mannabústöðum

Ranglega er farið með staðreyndir varðandi fjarlægð mannabústaða frá framkvæmdasvæði. Ljarkot, Vígholtsstaðir, Húsholt og aðrar sumarhúsalóðir í landi Vígholtsstaða liggja á bilinu 70 – 150 metra frá vegi nr 587 þar sem gefið er í skyn að ráðist verði í umfangsmikla vegagerð og þungaflutninga.

Kafli 2 Framkvæmdasvæði

Í upptalningu á aðliggjandi jörðum gleymist að telja upp Ljarkot sem er sú jörð sem liggur næst svæðinu.

Úr skýrslunni: „Þó svo umbeðin breyting á aðalskipulagi kveði á um breytingu á þessu landssvæði í iðnaðarsvæði þá mun svæðið allt verða nýtt eftir sem áður undir landbúnað, sem beitiland fyrir sauðfé og hross.“ Má stunda landbúnað á iðnaðarsvæði? Má beita búfé á iðnaðarsvæði?

Kafli 3 Framkvæmdalýsing

Engin lýsing á framkvæmdum kemur fram í þessum kafla líkt og ráða mætti af heiti kaflans.

Talað er um uppsetningu vinnubúða en ekki er getið um hvar þær vinnubúðir verða staðsettar. Ekki er þriggja fasa rafmagn á Hróðnýjarstöðum. Verða keyrðar dísilrafstöðvar á framkvæmdatíma til öflunar rafmagns m.a. til vinnubúða?

Talað er um flutning búnaðar að svæðinu en ekki er nefnt um hvaða vegi flutningar eigi að fara. Einnig er talað um vegagerð og að aðkomivegir þarfnist endurbóta. Ekki kemur fram hvaða aðkomuvegir það eru né hvar efnistaka fari fram.

3.2 Aðgengi og flutningur

Getið er um tvær mögulegar flutningsleiðir. Önnur um veg 587 sem liggur örfáa metra frá íbúðarhúsum undirritaðra, hin leiðin er ekki skilgreind, þ.e. ekki tekið fram um hvaða veg flutningar færu. Erfitt er að gera sé ljóst hvaða veg gæti verið átt við sem væri 2 – 3 km langur frá löndunarstað í Hvammsfirði (ekki heldur tekið fram hvar sá löndunarstaður er).

Við gerum auk þess alvarlegar athugasemdir við flutning á vindmyllum, vélbúnaði, rafbúnaði og öðru þessu tengdu sjóleiðina um friðlýst svæði Hvammsfjarðar.

3.5 Tenging við flutningsnet raforku

Hvaða olíu er verið að ræða um hér? Verða olíuflutningar þarna frameftir?

3.8 Núllkostur

Á engan hátt er hægt að tengja virkjunarframkvæmdir við sauðfjárrækt. Þessi kafli þar sem gefið er í skyn að þessar fyrirhugðu framkvæmdir muni styrkja fjárhagsstöðu sauðfjárbænda á svæðinu er hreinlega út í hött og óskast fjarlægðar.

4.1.1 Hljóðvist

Vísað er í erlend tilmæli um fjarlægð vindmylla frá byggð. Er hér talað um vindmyllur sem væntanlega eru stakar vindmyllur en ekki heil raforkuver eins og í tilfelli Hróðnýjarstaða.

Gerð er athugasemd við að minna sé gert úr því að gera þurfi athuganir á hljóðvist við Ljarkot því þar sé ekki um hýbýli að ræða. Framtíðaráform eigenda Ljarkots eru að þar rísi einmitt hýbýli enda hljóðar skipulag jarðarinnar uppá það.

4.1.3 Ferðapjónusta og útivist

Gerð er athugasemd við að lítið sé gert úr ferðamennsku og útivist á svæðinu. Sjá skilgreiningu á nýtingu lands í Ljarkoti og skipulagðar frístundahúsaloðir í landi Vígholtsstaða. Orðalagið „vart hægt að tala um“ gerir lítið úr þeim tíma, fjármunum og vinnu sem liggur að baki þeirri uppbyggingu sem í gangi er.

4.1.6 Lífríki

Gerð er athugasemd við hversu lítið er gert úr áhrifum á lífríkið á framkvæmdartíma. Nú gengur sauðfé frá fjölda bæja í Laxárdal á landi Ljárskóga ásamt landi Hróðnýjarstaða. Bændur sem hafa upprekstur á Ljárskóga eiga mikið undir að þeirra sauðfé haldi ímynd hreinleika sauðkindarinnar. Þekkt er að sauðfé má ekki koma stressað til sláturhúss. Fullyrðingin „á starfstíma er það helst fuglar sem gætu orðið fyrir áhrifum“ er því röng.

4.2.1 Fiskar

Gerð er athugasemd við það sem ritað er um áhrif vindorkugarðs á fiska. „Rannsóknir á áhrifum vindorkugarða á fiska hafa helst verið gerðar í tengslum við vindmyllur í sjó“. Silungur í Slýjuvatni, Lambhagavatni, Neðstavatni og Ljárdvatni (Ljárdvatn í landi Gillastaða) er staðbundinn Urriði og Bleikja. Mikil umhverfisáhrif verða við framkvæmdir vindorkugarðsins s.s veglagningu, stöpla ofl. Allt þetta hefur áhrif á vatnsstöðu allra þessara fiskivatna ásamt Ljár sem rennur m.a. úr Ljárdvatni. Vatnsstaða neðri hluta Fáskrúð verður einnig fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

5 Skipulagsáætlanir

Vitnað er í landsskipulagsstefnu og fullyrt að “Storm I virðist því vera í góðu samræmi við Landsskipulagsstefnu”.

Við mótmælum þessu á eftirfarandi forsendum:

- Eitt af leiðarljósum gildandi landsskipulagsstefnu er: “Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.” Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér verulega skert lífsgæði fyrir nágranna.
- Yfirskrift kaflans um skipulag í dreifbýli er : “Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag”
- Yfirskrift kafla 2.2 Umhverfis- og menningargæði: “Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi”

Vitnað er í Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030 og þá svæðisskiplagsstefnu sem þar er sett fram. Sagt er „Ekki er að sjá að Storm I sé í ósamræmi við skipulagsstefnuna“. Við vekjum athygli á að þar sem ekki er fjallað um orkumál í skipulagsstefnunni þá er allt eins hægt að tala um að ekki sé að sjá að Storm I sé í samræmi við skipulagsstefnuna.

Vilja- og samstarfsyfirlýsing sú sem vitnað er til í þessum kafla var undirrituð þrátt fyrir athugasemdir umhverfis- og skipulagsnefndar og má ætla að ekki hafi verið sátt um hana.

6 Kynning, álitsumleitan og samráð um gerð frummatsskýrslu

Fullyrðing um að almennt hafi verkefnið mætt jákvæðum viðbrögðum hjá íbúum sveitarfélagsins á íbúafundi þann 31.janúar 2018 er ekki rétt. Óskað er eftir að þessi fullyrðing verði fjarlægð úr skýrslunni þar sem hún er röng. Engin jákvæð viðbrögð komu fram á þessum íbúafundi, en aftur á móti kom fram mikið af neikvæðum viðbrögðum. Það mætti gjarnan geta þeirra viðbragða í þessu skjali í stað þess að fullyrða hið gagnstæða.

Dalabyggð, 21.september 2018

Sigurður Sigurbjörnsson
Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir
Haraldur Reynisson
Sigurborg H. Sigurbjörnsdóttir
Sveinn Sigurðsson
Melkorka Benediktsdóttir
Sigurbjörn Sigurðsson
Smári Hjaltason
Sævar Hjaltason
Arnór Björnsson